

**Nd.**

**425. Frumvarp til laga**

[213. mál]

um breyting á lögum nr. 74/1977 um matvælarannsóknir ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

**1. gr.**

8. gr. orðist svo:

Tekjur matvælarannsókna ríkisins eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar á fjárlögum. 2. Fé, sem veitt er til sérstakra verkefna. 3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru vegna heilbrigðiseftirlitsins í landinu. 4. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einkaaðila.

Ráðherra setur gjaldskrá fyrir unnin verk skv. 3. og 4. tl. að fengnum tillögum stofnunarinnar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og er ástæðan fyrir framlagningu þess sú að mjög erfiðlega hefur gengið að fá fé til starfrækslu matvælarannsókna ríkisins á fjárlögum. Þykir einsýnt, miðað við fjárveitingar á yfirstandandi ári, að draga verði stórlega úr þjónustu stofnunarinnar við heilbrigðiseftirlitið í landinu. Gæti slíkt haft í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Það er skoðun ráðuneytisins að einskis megi láta ófreistað til þess að starfsemi stofnunarinnar dragist ekki saman. Þyrfti frekar að auka hana enda var ætlunin að slíkt yrði gert er stofnuninni var tryggður sess með lögum nr. 74/1977. Þrátt fyrir ákvæði þeirra laga örlar ekkert á efnafræðilegum rannsóknum og er fyrirsjáanlegt að svo verður ekki í náinni framtíð nema til komi stefnubreyting fjármála-yfirvalda.

Með frumvarpi þessu vill ráðuneytið leitast við að tryggja það að starfsemi stofnunarinnar dragist a. m. k. ekki saman. Þær rannsóknir, sem um ræðir eru gerlarannsóknir sem þjónusturannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu. Er hér með lagt til að stofnuninni verði tryggðar vissar tekjur m. a. á þann hátt að taka megi gjald fyrir rannsóknir á vegum heilbrigðiseftirlitsins í landinu. Miðað við gjaldskrá rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins fyrir árið 1979 og fjölda sýna er bærust matvælarannsóknum ríkisins árið 1978 ættu tekjur að geta orðið rúmar 20 millj. kr. án söluskatts. Þetta yrði kostnaður sem sveitarfélög yrðu þá að greiða vegna rannsókna í þágu heilbrigðiseftirlitsins í héraði.

Það er skoðun ráðuneytisins, nái frumvarp þetta fram að ganga, verði hægt að tryggja eðlilegan rekstur stofnunarinnar miðað við óbreytt framlög á fjárlögum.

Með frumvarpi þessu fylgja tvö önnur frumvörp til laga, en þau gera ráð fyrir breytingum á 16. gr. laga nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, en hún kveður á um skyldur rannsóknastofnana ríkisins til rannsókna á sýnum vegna heilbrigðiseftirlitsins samkvæmt þeim lögum, og breytingum á 7. gr. 3. og 4. mgr. laga nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum. Öll ber þessi frumvörp að sama brunni.